

Mánudaginn 17. desember 1979.

Nr. 213/1979. Ingibjörg Eggertsdóttir

gegn

Eggert Ó. Sigurðssyni

Sigurði Eggertssyni og

Böðvari Bragasyni, skiptaráðanda
í Rangárvallasýslu.

Kærumál. Skiptamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 26. nóvember 1979, sem barst Hæstarétti 3. desember s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Rangárvallasýslu, uppkveðinn 19. nóvember 1979. Krefst hún þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir skiptaráðanda „að taka dánar- og félagsbú Önnu Sigurðardóttur frá Ámundakoti, Fljótshlíð, sem lést 11. maí 1949, og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, nú til heimilis að Smáratúni, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu, til opinberra skipta og uppskriftar“. Hún krefst einnig kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja, Eggerts Sigurðssonar.

Af hálfu varnaraðilja Eggerts Sigurðssonar er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum er krafist kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur Böðvari Bragasyni skiptaráðanda né af hans hendi.

Úrskurður skiptaréttar í máli þessu sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, fór fram uppskrift á búi Önnu Sigurðardóttur og Eggerts Ó. Sigurðssonar 14. desember 1949. Uppskrift þessa gerði hreppstjóri ásamt einum votti. Á endurrit uppskriftargerðarinnar er

ritað „Til skiptaráðandans í Rangárvallasýslu“. Í hinum kærða úrskurði er vitnað til þriggja skýrslna sýslumanns-embættisins í Rangárvallasýslu varðandi dánarbú þar. Skýrslur þessar eru óundirritaðar. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð sýslumannsins í Rangárvallasýslu 13. desember 1979, og segir þar, að skýrslur þessar séu ekki endurrit úr embættisbók Rangárvallasýslu, heldur sé um að ræða málaskrár og skýrslur, sem haldnar voru yfir dánarbú til yfirlits og glöggvunar. Í vottorði þessu segir enn fremur, að ekki verði séð af skjölum embættisins, að flutningur dánarbús Önnu Sigurðardóttur úr umdæminu hafi verið tilkynntur sýslumanni Austur-Skaftafellssýslu, enda hafi eftirgrennslan hjá báðum embættum Skaftafellssýslna leitt í ljós, að þar fyrirfinnst ekkert, er dánarbú þetta varði.

Líta ber á uppskrift þá, sem að framan greinir, sem fyrstu aðgerðir opinberra skipta, sbr. 15. og 16. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Af gögnum máls verður ekki séð, að skiptum hafi nokkru sinni verið lokið né að varnaraðili Eggert hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi. Sóknaraðili hefur krafist þess, að opinber skipti fari fram á dánarbúi móður sinnar, og er skylt samkvæmt 4. gr. laga nr. 3/1878 að taka kröfu hennar til greina.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Dánarbú Önnu Sigurðardóttur, Ámundakoti í Fljóts-
hlíð, sem andaðist 11. maí 1949, skal tekið til opinberra
skipta.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 19. nóvember 1979.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munn-
legum málflutningi hinn 31. október, er það ágreiningsefni, hvort
taka skuli til opinberrar skiptameðferðar nú dánar- og félagsbú
Önnu Sigurðardóttur, síðast til heimilis að Ámundakoti, Fljóts-
hlíð, sem andaðist 11. maí 1949, og eftirlifandi maka, Eggerts Ó.

Sigurðssonar, Smáratúni (sem áður hét Ámundakot), Fljótshlíð, Rangárvallasýslu.

Skylduerfingjar búsins eru auk maka tvö börn þeirra hjóna, Sigurður Eggertsson, fæddur 20. sept. 1942, til heimilis að Efri-Þverá, Fljótshlíð, og Ingibjörg Eggertsdóttir, fædd 11. mars 1947, til heimilis að Stórateigi 21, Mosfellssveit.

Skiptabeiðandi og sóknaraðili máls þessa er Ingibjörg Eggertsdóttir.

Varnaraðili er Eggert Ó. Sigurðsson.

Sigurður Eggertsson er ekki aðili að máli þessu.

Af hálfu sóknaraðilja er þess krafist, að fram fari opinber skipti á dánar- og félagsbúi Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, Smáratúni (Ámundakoti), Fljótshlíð, Rangárvallasýslu. Krafist er og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja eða úr dánar- og félagsbúinu að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Af hálfu varnaraðilja er framkominni skiptabeiðni mótmælt og gerðar þær dómkröfur, að kröfum sóknaraðilja verði synjað með úrskurði réttarins, og krafist er hæfilegs málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Með bréfi, dags. 17. júlí 1979, fór sóknaraðili þess á leit við sýslumann Rangárvallasýslu, að fram færu skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur, sem varnaraðili, Eggert Ó. Sigurðsson, sæti í óskiptu.

Beiðni þessari var hafnað með bréfi sýslumanns Rangárvallasýslu, dags. 24. ágúst sl. Beiðni sóknaraðilja var ítrekuð og rökstudd með öðru bréfi, dags. 4. sept. sl.

Málið var svo tekið fyrir í skiptarétti Rangárvallasýslu hinn 28. september sl. og réttinum falið deiluefnið til úrlausnar.

Í málinu liggur fyrir uppskriftargerð dánarbúsins, og er hún svohljóðandi:

„Ár 1949, miðvikudaginn 14. des., framkvæmdi hreppstjórinn í Fljótshlíðarhreppi ásamt Árna Einarssyni uppskrift og virðingargjörð á dánar- og félagsbúi hjónanna Eggerts Ó. Sigurðssonar og Önnu Sigurðardóttur, er andaðist 11. maí þ. á.

Erfingjar eru 2 börn þeirra hjóna, Sigurður V. Eggertsson, 7 ára, og Ingibjörg A. Eggertsdóttir, 2ja ára.

Til uppskriftar kom eftirtalið:

	kr.	kr.
7 kýr á 1.800/ 4 kvígur á 1.000/ 3 kálfar á 500/	18.100	
3 hestar á 600/ 1 tryppi 3ja vetra á 300/	2.100	
90 ær á 160/ 38 geml. á 100/ 2 hrútar á 200/	18.600	38.800
2 dývanar á 150/, klæðaskápur á 100/	400	
Útvarpstæki á 500/ rúmfatakassi á 100/	600	
Toilett kommóða á 130/, tauskápur á 200/	330	
Stofuborð og 3 stólar á 200/ barnarúm á 100/		
2 dývanateppi og 3 púðar á 200/ vegglampi á 50/	250	
Veggteppi á 150/ fatnaður í 3 rúm á 350/	1.200	
Búr og eldhúsáhöld á 600/ saumavél á 50/	650	
Bækur á 500/	500	4.230
Jeppabifreið á 10.000/ sláttuvél, lítilfjörll., á 100/	10.100	
Rakstrarvél, lítt nothæf, á 100/ snúningsvél 400/	500	
Kerra með aktygjum 400/ fjórhjólavagn 1.200/	1.600	
Kornsláttuvél á 2.000/ mjaltav. með mótör á 1.000/	3.000	
Vatnsdælumótör og ljósamótör á 500/ hvor	1.000	
1/3 í áburðardreifara 200/ ein aktygi á 200/	400	
2 hnakkar á 150/ hvor, 20 hestareipi á 2/	340	
Annað og fl. smávegis og smíðatól á 500/	500	
Byggingarefni: járn, timbur og sement 1.500/	1.500	
Í stofnsjóðum og hlaupareikningi 1.600/	1.600	20.540

Fasteignir:	kr.	kr.
Jörðin Ámundakot með húsum 12.200/	12.200	
Útistandandi fyrir selda mjólk í fard. þ. á.	4.000	16.200

Eignir alls 79.770, 79.770

Skuldir búsin:	kr.	kr.
Við veðdeild Búnaðarbanka Íslands	33.200	
Við Kaupf. Rang., Hvolsvelli	21.481	
Við Kaupf. Rang., Rauðalæk	1.500	
Við Kaupfélagið Þór, Hellu	1.500	
3 víxlar við útibú Lb. Ísl., Selfossi	14.300	
Víxill við Búnaðarbanka Íslands	2.500	
Við Högna Guðmundsson, Torfastöðum	1.000	
Við ýmsa	6.000	81.481
Skuldir alls		81.481

Fleira kom ekki til uppskriftar.

Guðmundur Erlendsson, Árni Einarsson.

Eggert Ó. Sigurðsson.

Réttan útdrátt staðfestir: Hreppstjórinn í Fljótshlíðarhreppi.

Núpi, 19. des. 1949.

Guðmundur Erlendsson.“

Uppskriftargerð þessi barst embætti sýslumannsins í Rangárvallasýslu fyrir árslok 1949, og er hún árituð þar um.

Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla embættisins um dána í Rangárvallasýslu árið 1949 svo og skýrsla um ólokin dánarbúskipti í Rangárvallasýslu sama ár. Í fyrrnefndri skýrslu er tekið fram í athugasemdadálki, að dánarbú Önnu Sigurðardóttur sé undir opinberum skiptum. Í þeirri síðarnefndu er hins vegar tekið fram, að ekkill sé í óskiptu búi. Í skýrslu um lokin dánarbúskipti í Rangárvallasýslu árið 1953, sem einnig liggur fyrir í máli þessu, er tekið fram, að greint dánarbú Önnu Sigurðardóttur hafi verið flutt brott úr umdæminu til Austur-Skaftafells-sýslu.

Varnaraðili, Eggert Ó. Sigurðsson, kom fyrir dóminn hinn 31. október sl. Hann skýrði svo frá, að Guðmundur Erlendsson, þáverandi hreppstjóri Fljótshlíðarhrepps, hefði skrifað búið upp ásamt úttektarmanninum Árna Einarssyni. Þeir væru nú báðir látnir. Aðspurður um uppskriftargerðina sagði varnaraðili, að hún hefði að sínu mati verið mjög ítarleg og allt skrifað upp þ. m. t. sláttuvél og reipi, sem var ónýtt. Auk þess hafi verið skrifaðar upp bækur, sem búinu hafi verið að miklu leyti óviðkomandi og séreign sín. Þá hafi kommóða verið metin á kr. 130, sem varnaraðili kvaðst hafa keypt á kr. 90. Varnaraðili sagði, að jörðin Ámundakot hefði verið metin á þágildandi fasteignamati, en kvaðst ekki geta sagt um það nú, hvort það hafi verið raunverð eignarinnar á þeim tíma. Varnaraðili kveðst hafa keypt jörðina árið 1942 og hafi kaupverð þá verið kr. 15.000. Varnaraðili tók fram, að það ár hafi jarðaverð verið í hámarki vegna vaxandi eftirspurnar, enda hafi og verið betra að búa það ár og jarðaverð hærra en árið 1949. Varnaraðili tók fram, að á þessum tíma hefði verið mjög erfitt að selja jarðir. Þá tók varnaraðili það fram, að þegar hann keypti jörðina á sínum tíma, hafi hann greitt of hátt verð fyrir hana. Til samanburðar hafi helmingi stærri jörð, Eystra-Múlakot í Fljótshlíð, verið seld sama ár ásamt rafstöð á kr. 16.000. Varnaraðili skýrði frá því, að íbúðarhúsið á jörðinni Ámundakoti, sem var steinsteypt og byggt 1929,

hefði raunverulega verið eina mannvirkið á jörðinni, þegar varnaraðili keypti hana. Árið 1949 kvaðst varnaraðili hafa verið búinn að byggja hlöðu á jörðinni. Þá kvaðst hann hafa sett þar upp herbragga, sem hann keypti á kr. 500 og notaði sem fjós. Á þessum tíma kvaðst varnaraðili hafa verið búinn að girða u. þ. b. helming af túni jarðarinnar, en annað hafi verið ógirt og landið að mestu óræktað, en þó kvaðst varnaraðili hafa verið búinn að slétta töluvert af túnnum jarðarinnar. Varnaraðili sagði, að árið 1951 hefði íbúðarhúsið brunnið ásamt innbúi. Kvaðst varnaraðili hafa byggt nýtt íbúðarhús á jörðinni og árið 1954, er hann reyndi að selja jörðina, hafi honum ekki tekist að selja alla jörðina fyrir það verð, sem nýja íbúðarhúsið kostaði. Varnaraðili kvaðst þó árið 1954 hafa gert samning um sölu jarðarinnar fyrir milligöngu Nýju Fasteignasölnunnar í Reykjavík, og var söluverð kr. 250.000 — 300.000. Kaupandi fékk þó aldrei afsal fyrir jörðinni, enda stóð hann ekki við samninginn, og kaupin gengu til baka. Varnaraðili kvaðst hafa flutt árið 1954 austur að Staðafelli í Lóni, þar sem hann bjó í 4 ár.

Jörðin Ámundakot var í millitíðinni leigð í 2 ár. Kvaðst varnaraðili hafa átt þess kost að kaupa jörðina Staðafell í Lóni ásamt vélum og áhöldum fyrir kr. 200.000, en af því gat þó ekki orðið, þar sem honum tókst ekki að selja eigin jörð. Varnaraðili skýrði frá því, að brunabótafjárhæð íbúðarhússins ásamt innbúi á jörðinni Ámundakoti, sem brann árið 1951, hefði verið kr. 40.000, en hins vegar hafi kostað yfir kr. 200.000 að byggja nýtt íbúðarhús. Varnaraðili kveðst hafa flutt aftur á jörðina Ámundakot árið 1958 og verið þar búsettur síðan, en undanfarin 4 ár kvaðst varnaraðili hafa leigt jörðina öðrum að miklu leyti. Sérstaklega aðspurður sagði varnaraðili, að úttektarmaðurinn Árni Einarsson hefði ekki verið skyldur sér, en hins vegar kvaðst varnaraðili hafa alist upp á heimili hans, Eystra-Múlakoti, frá 5 ára aldri og þar til varnaraðili fékk þá jörð á leigu um tvítugt. Kvaðst varnaraðili hafa haft jörðina Eystra-Múlakot á leigu í 4 ár og hafði hug á að kaupa hana, en hún var seld öðrum. Varnaraðili tók það fram, að Árni Einarsson hefði alls ekki verið sér hlutdrægur við uppskriftargerðina, slíkt hafi verið útilokað. Varnaraðili sagði, að hann hefði talið, að skiptamálinu væri lokið, þegar er uppskriftargerðin hafði farið fram, og taldi, að hann þyrfti ekki frekari afskipti að hafa af málinu. Varnaraðili kvaðst í raun hafa tekið á sig skuldir búins og staðið full skil á þeim.

Leitað var umsagnar Björns Fr. Björnssonar, fyrrverandi sýslu-

manns, varðandi mál þetta, og liggur fyrir skýrsla hans, dags. 18. október sl. Segir þar svo m. a.: „Bú það, sem hér fjallar um, var á sínum tíma, þ. e. á árinu 1949, eftir að lögmæt uppskriftar- og virðingargjörð, sem framkvæmd var af reyndum sómamönnum, hafði farið fram, augljóslega þannig statt efnahagslega, að líta mátti á það sem þrotabú. Talið var, að eigi væri eftir atvikum svo hátt að málsefni, að fara skyldi með það sem slíkt, selja eignir, greiða skuldir eftir því sem til ynnist og leysa þannig búið upp. Sú ákvörðun var því tekin í þessu falli með hliðsjón af efnahagsaðstöðu búans og öðrum ástæðum, að ekill fengi tækifæri og nauðsynleg tök á að halda búinu og reka það óskert í áframhaldandi búskap. Þá voru að sjálfsögðu hafðir í huga hagsmunir hinna ungu barna og framtíðarvelferð þeirra. Skýlaus var skylda yfirfjárráðanda að taka þann kost, sem vænstan mátti þeim telja. Fallist var á, að ekillinn fengi í hendur allar eignir búans gegn því, að hann tæki persónulega að sér ábyrgð á skilvilegum greiðslum bússkulda. Við þessa tilhögun höfðu skuldheimtumenn sætt sig.

Um arf til barnanna eftir móður var ekki að ræða, en lokið búskiptum að fullu.“

Ekki þótti ástæða til, að sóknaraðili kæmi fyrir dóm í máli þessu.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar m. a. á þeirri málsástæðu, að skipti hafi aldrei farið fram á dánarbúi móður sinnar og því síður að þeim hafi verið lokið. Ekkert hafi verið lagt fram í málinu, er sýni skiptalok, heldur hið gagnstæða, sbr. t. a. m. dskj. 6 og 7. Ekill virðist eigi hafa fengið formlega heimild til setu í óskiptu búi, hins vegar setið í óskiptu búi í reynd. Skiptaráðandi virðist aldrei hafa hafið skipti, hvað þá lokið þeim. Hreppstjóra bresti lagalega heimild til að ljúka búskiptum eða gera ráðstafanir í þá átt. Svonefnd „uppskriftargerð“ sé ekki nein skiptalok, þó lögmæt væri. Gerðin beri þess og merki, að þar sé ekki um neina lögmæta uppskriftargerð að ræða, hvað þá raunverulega eða eiginlega virðingargerð. Við slíkar gerðir skuli meðal annars vera tveir vottar og virðingarmenn auk hreppstjóra, sbr. t. a. m. 16. gr. laga 3/1978. Þá beri og að hafa fjárhaldsmenn ófjárráða aðilja viðstadda. Virðingarmenn skuli og vera óvilhallir, en í þessu tilviki hafi verið einn virðingarmaður auk hreppstjóra, sem auglýsilega sé vanhæfur til slíkra starfa í máli þessu. Þá sé uppskrift eigi nægjanlega sundurliðuð og ná-

kvæm til að gefa fullnægjandi grein fyrir stöðu búins og fram komi, að þar hafi eigi raunveruleg virðingargerð farið fram, svo lögskylt sé. Eigi sé nægjanlega kveðið á um ábyrgð á skuldum og séu því þegar af ofangreindu allar forsendur brostnar fyrir að framselja búið, sbr. 10. gr. laga 3/1878. Eins og sjá megi m. a. af ofangreindu, hafi búskipti aldrei hafist með lögmætum hætti, hvað þá að þeim hafi verið lokið. Bréf, dagsett 18. október 1979, til sýslumanns frá Birni Fr. Björnssyni beri þess glöggan vott, að skiptaráðandi hafi aldrei haft afskipti af neinum búskiptum. Þá beri skýrsla hans að öðru leyti vott um vilhalla afstöðu hans til eftirlifandi maka.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að ekki sé unnt að taka dánarbú Önnu Sigurðardóttur til skipta, þar sem engum eignum hafi verið til að skipta, er hún lést, þegar tekið er tillit til áhvil-andi skulda, enda hafi varnaraðili skilið það svo á sínum tíma, að honum hafi verið afhentir fjármunir búins gegn því að taka að sér greiðslu skulda og búskipti þannig fallið niður vegna þess, að engu var að skipta. Þessu til frekari rökstuðnings byggir varnaraðili á skýrslu fyrrverandi sýslumanns, Björns Fr. Björnssonar, þar sem fram kemur, að varnaraðili hafi fengið í hendur allar eignir búins gegn því, að hann tæki persónulega að sér ábyrgð á skilvíslegum greiðslum búskulda.

Þá séu raunverulega öll dánarbú undir opinberum skiptum, uns búskipti hafi verið felld niður af einhverjum ástæðum, t. d. að eftirlifandi maki fái leyfi til þess að sitja í óskiptu búi. Til þess þurfi sérstakt leyfi skiptaráðanda. Það hafi ekki verið í þessu tilviki. Skiptaráðandi hóf störf við búið með því að láta fara fram uppskrift allra eigna og skulda, svo sem lög bjóða. Þegar hann hafi séð, hve búið var illa statt fjárhagslega, þótti honum best horfa með hag barnanna ungu, að búinu yrði ekki skipt sem þrotabúi, þó að skuldir væru meiri en eignir, en fangaráðið hafi verið að fá skuldheimtumenn til þess að sýna þolinmæði, ef búskipti yrðu niður felld, gegn því, að ekillinn tæki að sér að ábyrgjast skuldirnar og leggja fram vinnu sína til þess, að skuldirnar yrðu skilvíslega greiddar. Sóknaraðili geti ekki byggt á því, að varnaraðili hafi setið í óskiptu búi öll þessi 30 ár, því að til þess hefði hann þurft að hafa formlegt leyfi. Hann hafði það ekki, og sýslumaður sjálfur, þ. e. skiptaráðandinn, valdi þann kostinn að afhenda honum öll búforráð í fjárvana dánarbúinu gegn því, að hann tæki að sér greiðslu skuldanna. Þannig kveðst hann hafa lokið skiptunum.

Öll þessi 30 ár hafi varnaraðili farið með bú sitt sem einkaeign og á þessu tímabili stofnað til nýs heimilis og nýs sambýlis með konu, sem ól honum börn, og þau hafa síðan í sameiningu komið á legg og til fullorðinsára. Aldrei gerði sóknaraðili neinar athugasemdir um það, að hann sæti í óskiptu búi eftir móður hennar, og verður ekki annað séð en hún hafi á þennan hátt glatað öllum rétti sínum vegna fyrningar og vangeymslu, ef sá réttur hefur nokkurn tíma verið til.

Samkvæmt 8. gr. erfðalaga nr. 8/1962 verði því hjóna, sem lengur lifir, ekki heimiluð seta í óskiptu búi, ef eignir búsins hrökkva ekki fyrir skuldum. Þetta hefur sýslumaður m. a. haft í huga, þegar hann lauk búskiptum, sem fyrr segir.

Áhersla skal á það lögð, að sóknaraðili hafði aldrei ástæðu til að ætla allan tímann, eftir að hún varð alls síns ráðandi, og til þessa dags, að hún ætti inni móðurarf hjá varnaraðilja. Því er mótmælt, að á einhvern hátt hafi verið ólöglega staðið að uppskrift og öðrum gerðum varðandi frágang búsins á sínum tíma.

Niðurstaða.

Uppskriftargerð sú, sem fyrr er rakin og fram fór hinn 14. desember 1949 á dánar- og félagsbúi Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, var upphaf opinberrar skiptameðferðar búsins, sbr. 2. kapítula skiptalaga nr. 3/1878.

Uppskrift þessi fór fram með tíðkanlegum hætti, en hún var framkvæmd af hreppstjóra Fljótshlíðarhrepps ásamt úttektarmanni.

Samkvæmt uppskriftar- og virðingargerð þessari, sem ekki hefur efnislega verið hnekkð, voru skuldir búsins umfram eignir kr. 1.711. Varnaraðili gat því ekki fengið heimild til setu í óskiptu búi, sbr. 62. gr. laga nr. 20/1923 um skyldur og réttindi hjóna, sbr. nú 8. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og verður að meta réttarstöðu hans með hliðsjón af því.

Af hálfu skiptaráðanda Rangárvallasýslu var skiptameðferð búsins ekki fram haldið né lokið með formlegum hætti. Hins vegar liggur fyrir í málinu yfirlýsing þáverandi skiptaráðanda, Björns Fr. Björnssonar, þess efnis, að varnaraðilja hafi verið framselt búið í hendur gegn yfirtöku skulda. Þá er og upplýst, að varnaraðili hefur í reynd tekið á sig persónulega og, að því er best verður séð, staðið skil á skuldum búsins. Verður því að telja, að þar með hafi skiptum búsins raunverulega lokið og ekki séu efni til þess nú að taka þau upp að nýju.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að synja ber

kröfu Ingibjargar Eggertsdóttur um opinber skipti á dánar- og félagsbúi Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp úrskurð þennan:

Því úrskurðast:

Kröfu sóknaraðilja, Ingibjargar Eggertsdóttur, um opinber skipti á dánar- og félagsbúi Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 17. desember 1979.

Nr. 214/1979. Sigurgeir Sigurjónsson

gegn

Ásgeiri Bjarnasyni

Guðnýju Bjarnadóttur

Jóhannesi Bjarnasyni og

Jóni V. Bjarnasyni.

Kærumál. Málflutningslaun. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands um frávísun staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973, skotið til Hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands 7. nóvember 1979 með kæru 19. nóvember 1979, sem Hæstarétti barst 3. desember 1979. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, þó þannig, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands úr hendi varnaraðilja. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.